



Ársskýrsla 2008



Fimleikadeild Aftureldingar

Stefna 2008

Markmið stjórnar fimleikadeildar Aftureldingar er að byggja upp og efla annars gott fimleikastarf í bænum. Oft hefur verið sagt að fimleikar séu besti alhliða grunnurinn fyrir aðrar íþróttir einnig. Þessu hefur fimleikadeildin hugað að og er eitt af stefnumálum deildarinnar er að leggja áherslu á fimleika fyrir alla. Deildin hefur auk þess unnið að því að efla drengja og grunnþjálfun barna. Sett var af stað þjálfunaráætlun fyrir yngri þjálfara þar sem þeir læra grunnatriði þjálfunar. Það er liður í því að efla menntun þjálfara og innra starf. Deildin hefur auk þess verið í samstarfi við Eldingu með styrktarþjálfun fyrir keppnisbörnin með góðum árangri.

Fimleikadeildin hefur aukið áhrif lýðheilsuhlutans frá árinu 2007. Hjá deildinni æfir hópur stúlkna sem ekki hafa keppni að leiðarljósi heldur fyrst og fremst holla og góða hreyfingu. Um er að ræða unglingsstúlkur sem leita sér fyrst og fremst félagsskapar og hreyfingar í fimleikana. Fimleikar eru sú íþrótt sem hvað mest hefur verið gagnrýnd fyrir að ýta börnum áfram til afreka. Það er að vissu leyti rétt en þar sem fimleikar eru svo skemmtileg íþrótt á að vera svigrúm til að stunda hana eingöngu sér til skemmtunar.

Stjórn

Stjórn Fimleikadeildar Aftureldingar skipa Eva Magnúsdóttir, formaður, Halla Heimisdóttir, meðstjórnandi, Elín Snorradóttir, meðstjórnandi, Valborg Konráðsdóttir, ritari og Harpa Smáradóttir, meðstjórnandi. Framkvæmdastjóri deildarinnar er Anna Margrét Arnardóttir.

Þjálfarar

Þjálfarar deildarinnar árið 2008 voru 14 ásamt 9 aðstoðarþjálfurum. Síðastliðið haust réði deildin ungverskan atvinnuþjálfara Zoltán József Demény að nafni til þjálfunar keppnishópanna. Zoltán hefur verið yfirþjálfari og þjálfari keppnishópa fimleikadeildar Ármanns undanfarin 10 ár. Ráðning hans mun valda straumhvörfum í öllu fimleikastarfi í Mosfellsbæ.

Zoltán leiðbeinir ungu þjálfurum um grunnatriði barna- og unglingaþjálfunar. Til þess að fá þjálfararéttindi þarf að fara á námskeið hjá FSÍ en það er hins vegar unnt að læra mjög marga áður en farið er á námskeið. Fimleikadeildin leggur áherslu á að ala upp sína eigin þjálfara þar sem þeir búa í bæjarfélaginu og eru meira tengdir Aftureldingu. Nú er deildin komin með toppþjálfara og má þannig segja að enn einu mikilvægu markmiði sé náð.

Sigurrós Jónsdóttir, danskennari frá Dansskóla Jóns Péturs og Köru hefur þjálfað keppnishópana í dansi í vetur.

Iðkendur

Fjöldi iðkenda í deildinni voru 220 í lok ársins 2008 á aldrinum 3ja -15 ára og hefur orðið örlítill fækkun. T – hópar eru 4 talsins en hann skipa iðkendur á aldrinum 3ja – 5 ára. R hópar eru byrjendahópar á aldrinum 6 – 8 ára. R – hóparnir eru 5 og er þeim getuskipt. O hópar eru einnig getuskiptir grunnhópar skipaðir börnum á aldrinum 6 – 9 ára og eru þeir 4. Í O hópum eru börn sem voru í byrjendahópunum í fyrra. M hópar eru 2 og eru þeir byrjendahópar fyrir 9 ára og eldri. Einnig eru tveir M-hópar sem eru keppnishópar. P hóparnir eru síðan lengst komnu hóparnir hjá deildinni. Þeir eru 3 en skiptast einnig í getustig. Deildin á fulltrúa sem keppa í barnaflokki, unglingsflokki, táningsflokki og teamgym.

Mótahald að Varmá

Vormót FSÍ í hópfirmleikum var haldið helgina 16.-18. maí að Varmá. Mótið var jafnframt 40 ára afmælimót FSÍ. Keppt var í barnaflokki og í meistaraflokki. Afturelding sendi þrjú lið til keppni. M-10 náði 3ja sæti á trampólíni, P-1 lenti í 2. Sæti á dýnu og P-2 fékk silfurverðlaun í dansi. Mótið var mjög vel heppnað.

Á haustmánuðum hélt deildin mót í almenna fimleikastiganum í 3.-6. þrepi. Keppnisstigi í almennum fimleikum er keppnisgrein í fimleikum þar sem ekki er þörf á mörgum áhöldum. Keppnisgreinar í keppnisstiganum eru fjórar, gólfæfingar, dýnustökk, trampólínstökk og stökk yfir hest.

Innanfélagsmót Aftureldingar var síðan haldið í nóvember. Mótið var undirbúningsmót fyrir Íslandsmótið í þrepum og var það tvískipt. Þar kepptu 9 ára og eldri iðkendur deildarinnar í þremur þrepum. Karen Anna Sævarsdóttir og Eva María urðu jafnar að stigum í 3. þrepi, Selma Rún sigraði í 2. þrepi, Kristín Birta í 1. þrepi og Sigurður Jól í 1. þrepi hjá strákunum. Sex til átta ára iðkendur deildarinnar kepptu í grunnþrepi og 1. þrepi. Öll gerðu börnin sitt besta og stóðu sig með stakri þryði.

Góður árangur iðkenda

Aftureldingarstúlkur stálu senunni á Reykjavík International hópfirmleikamótinu sem haldið var í Laugardalshöllinni í janúar 2008. Eldra keppnisliðið, P- 2, hreppti 4 gull, sigraði í öllum greinum; dýnu, gólfi, stökki og í samanlögðum stigum í sínum aldursflokki auk þess að vera stigahæst liða á mótinu. Yngri keppnishópurinn P-1 sigraði síðan í dansi og voru þær í öðru sæti á dýnu og trampólíni.

Þriðji hópurinn M-10 keppti síðan á Landsbankamóti Fylkis sömu helgi og kom, sá og sigraði í öllum greinum auk þess að vera stigahæstar á mótinu.

Sigursælar stúlkur úr P-2 unnu sér rétt á þáttöku í Íslandsmóti á vegum FSÍ fyrir samanlagðan árangur keppnistímabilsins. Þær urðu síðan Íslandsmeistarar í trampólíni á vormánuðum árið 2008. Fyrir þennan árangur fengu stúlkurnar viðurkenningu frá Mosfellsbæ í upphafi ársins og hóp bikar á uppskeruhátíðinni.

Unglingamót var haldið á vormánuðum í Gróttu á Seltjarnarnesi og hreppri eldra keppnisliðið, P-2 silfurverðlaun fyrir dans og brons fyrir stökk og dýnu. Yngri keppnishópurinn P-1 vann einnig silfurverðlaun á mótinu fyrir æfingar sínar á trampólíni og sýndu þær fádæma tilþrif.

Á haustmánuðum var nöfnum hópanna breytt þar sem rýma þurfti til fyrir fleiri P-hópum en fjölgað hefur í keppnishópum Aftureldingar og eru þeir nú fjórir auk drengjanna. Nú heita P-2, elsti hópurinn P-3 og yngri keppnishópurinn sem hét P-1 heitir nú P-2. Í hópinn hefur bæst keppnishópurinn P-1 og M-10.

Keppnistímabilið í hóp fímleikum hófst síðan á ný í október með haustmóti í Garðabæ. Elsti keppnishópurinn (P-3) keppti í úrvalsdeild, eftir teamgym reglum þar sem kröfurnar eru mestar í hóp fímleikum. Á haustmótinu lentu þær í 3. sæti bæði í dansi og á trampólíni.

Stelpurnar úr P-2 kepptu eftir landsreglum en þær urðu í 2. sæti bæði á dýnu og á trampólíni á haustmótinu.

Afturelding stóð sig með þrýði á Íslandsmótinu í almennum fímleikum sem haldið var á Akranesi og í Mosfellsbæ á haustmánuðum. Eydís Embla hafnaði í þriðja sæti samanlagt í 1.-2. þrepi og varð jafnframt Íslandsmeistari í dansi, 2. sæti á dýnu og í 3. sæti á trampólíni.

Lóa Mjöll varð í 2. sæti á dýnu í 1. þrepi í sínum aldursflokki og Gréta Guðný í 3. sæti á trampólíni í 1. þrepi í sínum aldrusflokki. Móey Pála lenti í 2. sæti á trampólíni í 1. þrepi. Andrea hreppti gull á dýnu og Rakel Dóra lenti í 3. sæti á sama áhaldi. Eva María Guðmundsdóttir varð í 2. sæti á dýnu og Birta Jónsdóttir í 3. sæti á hesti í 3. þrepi.

Styrktarsamningar

Eitt af fyrstu verkefnum núverandi stjórnar var að auka veg og vanda deildarinnar meðal annars með það að markmiðið að bæta ímynd hennar. Það er álit stjórnar að með sterka ímynd gangi okkur betur að laða til okkar iðkendur, þjálfara og styrktaraðila. Þetta hefur

komið á daginn. Deildin er vel búin menntuðum þjálfurum, áhaldakostur hefur batnað og markmiðum deildarinnar var að mörgu leyti náð.

Haustið 2007 gerði Fimleikadeildin tvo þriggja ára styrktarsamninga við Leirvogstungu ehf. og Word Class um samstarf við félagið. Samningnum var ætlað að gilda út árið 2009. World Class hefur efnt sinn samning en Leirvogstunga sagði upp samningi við deildina í upphafi ársins 2009 og hefur ekki náð að standa við skuldbindingar sínar fyrir 2008. Ísfugl hefur einnig greitt götu deildarinnar og stutt jólasýningarnar á hverju ári. Ástandið í þjóðfélaginu hefur þannig áhrif á deildina.

Jóla- og vorsýning

Fimleikadeildin hélt glæsilega vorsýningu fyrir foreldra og aðstandendur fimleikanna í lok tímabilsins. Þar sýndu börnin fimleikaæfingar sem þau höfðu lært yfir veturinn. Í byrjun desember hélt deildin síðan jólasýningu sem meira byggðist upp á skemmtilegum búningum þar sem sköpunargleði barna, þjálfara og foreldra fékk að njóta sín. Mikil aðsókn er á sýningar fimleikadeildarinnar og eykst hún ár frá ári.

Framtíðin

Mikill vilji hefur verið hjá stjórn Aftureldingar, íþróttafulltrúa og bæjarstjórnnum Mosfellsbæjar til nokkurra ára til þess að styðja uppbyggingarstarf fimleikadeildarinnar. Betur má þó ef duga skal ef deildin á ekki að dragast aftur úr þeim keppnisliðum sem eru í forystu í fimleikaheiminum. Núverandi keppnistímabil hefur ekki gengið jafnvel og undanfarin ár þar sem aðstöðuleysi er farið að hamla elstu hópnum þar sem þau geta ekki æft flókin og erfið stökk að Varmá.

Frumkvöðlaandinn svífur ennþá yfir vötnunum í Mosfellsbæ og stjórnin bíður núna einungis eftir því að geta sett höndina á skófluna þegar tekin verður fyrsta skóflustunga að nýju fimleikahúsi eða viðbyggingu við þann sal sem nýttur er nú.

Stjórn og framkvæmdastjóri Fimleikadeildar Aftureldingar

FIMLEIKADEILD ÁRSREIKNINGUR 01.01.2008- 31.12. 2008

REKSTRARREIKNINGUR	2007	2008
<u>REKSTRARTEKJUR:</u>		
11720 Ferðastyrkir	100.000	
11730 Rekstrarstyrkir	1.050.000	1.100.000
11735 Styrkur v/fyrirmyndafélags	207.500	280.000
11755 Styrkir úr Afreksmannasjóði		100.000
11756 Styrkir úr Minningarsjóði		82.450
12100 Styrkir ýmis fyrirtæki	1.477.000	1.942.892
12130 Landsbankast. v/markaðssamnings	229.409	229.408
15100 Þátttökugjöld	22.900	465.020
15300 Aðgangseyrir	359.355	303.745
22200 Æfingagjöld	8.132.505	8.217.995
22250 Æfingagjöld gr.m/frístundaávísunum	1.719.000	2.474.160
Rekstrartekjur alls	13.297.669	15.195.670
<u>REKSTRARGJÖLD:</u>		
32200 Laun þjálfara	7.069.098	6.569.846
32400 Aðrar launageiðslur	2.090.000	3.392.000
32500 Tryggingagjald	527.219	573.108
32600 Lífeyrissjóður	681.801	827.030
32700 Orlofs- og sjúkrasjóður	76.338	59.202
32800 Slysatrigging	63.562	
33200 Bifreiðastyrkir þjálfara	16.000	24.000
34200 Verktakagreiðslur þjálfara	120.575	271.100
34900 Aðrar verktakagreiðslur		240.888
Laun og launatengd gjöld	10.644.593	11.957.174
37100 Búningar	745.443	281.442
37200 Íþróttahöld	25.203	421.852
38100 Önnur áhöld		17.152
41100 Rútur og annar akstur		13.950
43000 Þátttökugjald	168.000	216.100
43250 Leiga á íbúðum	586.865	
43300 Sjúkrakostnaður	8.290	5.850
44100 Annar þátttökukostnaður	22.130	
45100 Verðlaunapeningar		104.316
45200 Dómgæsla		16.500
45300 Húsa- eða vallarleiga	80.000	
46100 Annar móthaldskostnaður		185.557
53100 Sími	105.876	184.000
53200 Ritföng	20.439	10.836
53300 Posi	21.664	4.980
53500 Póstkostnaður	3.096	865
53600 Fundakostnaður		12.508
53800 Tölvukostnaður	53.555	56.592
54000 Gjafir	93.841	47.136
54100 Annar skrifstofukostnaður	2.510	
56100 Námskeiðsgjöld	110.900	255.137
58120 Æfingaaðstaða	192.360	64.900
58130 Ferðakostnaður v/æfinga	3.599	
59100 Auglýsingar		31.125
65100 Þjónustugjöld VISA/EURO	48.164	15.321
65200 Þjónustugjöld banka	30.881	84.338
65300 Tryggingar		67.799
66250 Kostnaður v/félagsstarfs	5.726	70.881
66300 Aðrar skemmtanir	38.128	
71100 FSÍ þjónustugjöld	134.200	107.000
71110 Afskriftir	100.000	126.000
Annar rekstrarkostnaður	2.600.870	2.402.137
Rekstrargjöld alls	13.245.463	14.359.311
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	52.206	836.359
<u>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD</u>		
76100 Vaxtatekjur	(24.612)	(97.608)
76200 Vaxtagjöld	22.917	32.586
76500 Fjármagnstekjuskattur	2.459	9.759
Hagnaður (tap) tímabilsins	51.442	891.622

EFNAHAGSREIKNINGUR		2007	2008
<u>FASTAFJÁRMUNIR</u>			
83500	Eignfærð áhöld og tæki	129.999	103.999
	Fastafjármunir alls	<u>129.999</u>	<u>103.999</u>
<u>VELTUFJÁRMUNIR:</u>			
86100	Vörur	249.894	149.894
86200	Biðreikningur		15.000
87100	Ógr.æfingagjöld	83.832	
87150	Visa	12.200	
87160	Euro	3.050	
87210	Inneig hjá aðalstjórn	174.000	
88350	Íslandsbanki 6311	9.079	937
88355	Landsbanki 269754	208.307	
88370	Landsbanki 10003	282.220	2.129.829
	Veltufjármunir alls:	<u>1.022.582</u>	<u>2.295.660</u>
Eignir samtals		1.152.581	2.399.659
<u>EIGIÐ FÉ</u>			
91100	Óráðstafað eigið fé	271.211	219.769
91300	Tekjuafgangur ársins	(51.442)	(891.622)
		<u>219.769</u>	<u>(671.853)</u>
<u>SKAMMTÍMASKULDIR:</u>			
95600	Biðreikningur v/posa	(47.850)	
95750	Ógr. laun	(848.466)	(943.780)
95760	Ógr. lífeyrissjóður	(274.231)	(311.312)
95765	Ógr. félagsgjald	(27.094)	(12.196)
95770	Ógr. Staðgreiðsla	(174.709)	(460.518)
		<u>(1.372.350)</u>	<u>(1.727.806)</u>
Skuldir og eigið fé samtals		(1.152.581)	(2.399.659)